



Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 - 10,  
IS - 150 Reykjavík

9. desember 2004

## Frumvarp til laga um græðara, 246. mál.

### Umsögn Gigtarfélags Íslands.

Gigtarfélag Íslands styður tilgang og markmið þessa frumvarps og skoðar það sem framfaraspor.

Með frumvarpinu er settur nauðsynlegur lagarammi um "óhefðbundnar lækningar" eins og þær eru nefndar hér á landi. Samkvæmt frumvarpinu er skráningarkerfi græðara grundvallaratriði þess og kröfur um skráningu trygging fólks sem nýtir sér óhefðbundnar lækningar. Sérstaklega mikilvæg eru ákvæði um ábyrgðartryggingu, trúnaðar- og þagnarskyldu, sem og takmarkanir á þjónustu.


Fagvitund og metnaður græðara er undirstaða þess að markmiði frumvarpsins verði náð. Skráning er frjálst og Bandalagi græðara gert að halda utan um hana og þær upplýsingar sem almenningur á að ganga út frá við sitt gæðamat.

Endurskoðunarákvæði laganna er því mjög mikilvægt og 5 ár hæfilegur tími.

Þeirri skoðun Fjármálaráðuneytis að frumvarpið leiði ekki til aukinna útgjalda fyrir ríkisjóð, verði það óbreytt að lögum, verður ekki mótmælt. Á hinn bóginn er ekki óeðlilegt að framkvæmdarvaldið geri ráð fyrir ákveðnum fjárhagslegum stuðningi við uppbyggingu og gerð skráningarinnar í upphafi, t.d. eingreiðslu til Bandalags græðara þegar skráningarkerfið er tilbúið og sýnileiki þess tryggður. Því skráningin og sýnileiki hennar er undirstaða þess að aðhald almennings og traust verði unnið og markmiði frumvarpsins náð.

Gigtarfélag Íslands mælir með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,  
F.h. GI

  
Emil Thorðssen, framkvæmdarstjóri